



# Gjaldeyrismarkaðurinn

## Mánaðarlegt yfirlit


21. september 2017

- Krónan hefur haldið sjó á móti evru síðan um miðjan ágúst. Í lok dags 19. september stóð evran í 127,2 krónur og hafði hækkað um 6,8% frá áramótum.
- Á móti Bandaríkjadollar hefur verið óveruleg breyting frá síðari hluta júní. Í lok dags 19. september stóð Bandaríkjadollar í 106,2 og hefur lækkað um 6,1% síðan um áramót.
- Veltan á gjaldeyrismarkaði í ágúst var 27,8 ma.kr. (221 m. evra) sem er svipuð velta og seinustu fjóra mánuði.
- Seðlabankinn greip einu sinn inn í á gjaldeyrismarkaði í ágúst þegar hann seldi 9 m.evra (1,1 ma.kr.) fimmtudaginn 17. ágúst. Þann dag féll verð á evrunni um 2%. Það sem af er september hefur Seðlabankinn ekki gripið inn.
- Frá áramótum hafa innlán í erlendum gjaldmiðlum aukist um 45 ma.kr. Athygli vekur að aukningin er langmest í Bandaríkjadollar.
- Afgangur af viðskiptajöfnuði var 24,5 ma.kr. á fyrri árshelmingi 2017, sem er um 22,1 ma.kr. minni afgangur en á fyrri árshelmingi 2016.
- Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði um 2,9% milli mánaða í ágúst. Þrátt fyrir þessa lækkun er raungengið 7,7% hærra en í sama mánuði 2016.

	19.9.2017	MTD	YTD	3M	12M
EUR	127,2	2,3%	6,8%	11,1%	-1,1%
USD	106,2	1,7%	-6,1%	3,5%	-7,7%
GBP	143,4	6,3%	2,9%	9,7%	-4,3%
DKK	17,1	2,2%	6,7%	11,1%	-1,0%
SEK	13,6	1,2%	4,0%	12,7%	-2,0%
NOK	13,3	1,5%	7,5%	13,7%	-0,6%
CHF	110,2	1,2%	-0,7%	4,8%	-6,0%
JPY	0,95	0,4%	-1,5%	3,5%	-15,6%

Heimild: Thomson Reuter Eikon


### Gengisþróun



Seinasta dags. 19. sept. 2017

Heimild: Thomson Reuters Eikon

### Inngrip SÍ á gjaldeyrismarkað



Seinasta dags. 15. sept. 2017

Heimild: Seðlabanki Ísland


Magnús Stefánsson

+354 410 4045


magnus.stefansson@landsbankinn.is




Síðan um áramót hefur íslenska krónan veikst á móti evru og norrænu krónunum, en styrkst á móti Bandaríkjadal.




Veltan á gjaldeyrismarkaði í ágúst var 27,8 ma. kr. (221 m. evra).




Frá áramótum hafa innlán í erlendum gjaldmiðlum aukist um 45 ma.kr.




Erlendar eignir lífeyrissjóðanna hafa aukist nokkuð jafnt mælt í dollurum.



Hluttur Seðlabankans af veltu ágústmánaðar var einungis 4%




Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði um 2,9% milli mánaða í ágúst.







Á F2 var 16,3 ma.kr. afgangur af viðskiptajöfnuði.




Afgangurinn á H1 dróst saman um 22 ma.kr. milli ára.




Í lok ágúst var gjaldeyrisforði Seðlabankans að frádregnum erlendum skuldum bankans og ríkissjóðs 540 ma.kr.




Í lok H1. var hrein erlend staða þjóðarbúsins neikvæð um 62 ma.kr.



284 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í ágúst, sem er 18% aukning milli ára.




Greiðslukortajöfnuður við útlönd var jákvæður um 20 ma.kr. í ágúst, sem er svipað og í fyrra.






Vöruskiptajöfnuður hefur verið neikvæður samfellt síðan í nóvember 2016




Heimild: Hagstofa Íslands

Uppsafnaður halli af vöruskiptum við útlönd fyrstu átta mánuði ársins er um 120 ma.kr..




Uppsafnaður vöruskiptajöfnuður innan árs  
Heimild: Hagstofa Íslands

Flökt á móti evru er enn nokkuð mikið.



Seinasta dags. 19. september 2017  
Source: Thomson Reuters Eikon, útreikningar Hagfræðideildar

Vaxtamunur við evru á lengri enda vaxtarófsins er að hækka aftur.



Seinasta dags. 19 september 2017  
Heimild: Thomson Reuters Eikon



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.